

Eskja hf.
Haukur Jónsson
Strandgata 39
735 Eskifirði

Reykjavík, 30.12.2021
UST202102-439/gf
08.10.02

Varðar reglubundið eftirlit 2021 – fiskimjölsverksmiðja Eskju hf. Eskifirði

Þann 30.9.2021 fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Eskju hf. á Eskifirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar og snúa þær að geymslu kvittana frá þjónustuaðila sem tæmir fituskiljur, viðgerð á verksmiðjuhúsi (loka gati) til þess að takmarka mengunarhættu og hafa aðgengileg öryggisblöð fyrir efnavöru þar sem efnavara er meðhöndluð.

Sex frávík frá kröfum í starfsleyfi og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi voru skráð:

1. Frávík frá kröfum í gr. 2.17 í starfsleyfi. *Niðurstöður frárennismælinga sem gerðar voru í mars 2020 sýndu að COD væri of hátt. Ekki hefur verið gerð önnur mæling á árinu, sbr. grein 3.2 í starfsleyfi, og ekki vitað til þess að einhverjar útbætur hefðu verið gerðar á búnaðinum eftir mælinguna.*
2. Frávík frá kröfum í gr. 5.2 í starfsleyfi. *Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið.*
3. Frávík frá kröfum í gr. 4.1 í starfsleyfi. *Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.*
4. Frávík frá ákvæði í gr. 4.4 í starfsleyfi. *Viðbragðsáætlun fyrirtækisins þarf að uppfæra.*
5. Frávík frá ákvæði í grein 4.5 í starfsleyfi. *Mengunaróhapp var ekki tilkynnt til eftirlitsaðila þegar þéttir í dælu í soðkjarnataeki í verksmiðjunni bilaði sem varð til þess að talsvert af soði fór í sjóinn.*

- Frávik frá ákvæðum í gr. 20.1 og 20.2 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar lýsislagnir og allar löndunarlagnir fyrir lýsi og olíu.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14.1.2022.

Virðingarfyllt,

Gottskálk Friðgeirsson

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis